

Ed.

165. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir rikissjóð til að taka 10 milljón króna innanríkislán.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað mál þetta, sem komið er frá neðri deild og var þar breytt þannig, að í stað 5 milljón króna lánsheimildar var sett 10 milljón króna lánsheimild. Sendi nefndin Landsbanka Íslands málið til umsagnar, en hann svaraði með því að senda útskrift úr gerðabók bankaráðsins, dags. 24. des. f. á., þar sem mælt er með 8 milljón króna lánsheimild.

Að þessu athuguðu sá nefndin ekki ástæðu til þess að gera breytingu á frumvarpinu, þar sem það er að sjálfsögðu á valdi ríkisstjórnarinnar að nota heimild þessa ekki að fullu, ef það þykir ekki tímabært, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, ErlD, var ekki á fundi sakir veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. apríl 1941.

Magnús Jónsson,
form., frsm.

Bernh. Stefánsson.